



Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda *	Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Kennitala *	300865-4109
Heimilisfang *	Móatún 22
Póstnúmer og staður *	460 Tálknafjörður
Símanúmer *	8467816
Netfang *	kristin.jakobsdottir@gmail.com
Umsjónaraðili	Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Samstarfsaðilar	
Heiti verkefnis *	Hnúkæpeyr í Vesturbyggð
Lýsing verkefnis eða viðburðar *	<p>Árið 2023 fagnaði Blásaraoktettinn Hnúkæpeyr 20 ára starfsafmæli og flutti af því tilefni kvöldlokkur eftir Mozart og Beethoven á tónleikum 15:15 tónleikaraðarinnar í Breiðholti kirkju þann 11. nóvember síðastliðinn,</p> <p>Nú langar félagana í Hnúkæpeyr til að leggja land undir fót og endurtaka þessa efnisskrá á sunnanverðum Vestfjörðum, t.d. í Félagsheimili Patreksfjarðar, Birkimel og Tálknafjarðarkirkju Til viðbótar við serenöðu í C-moll eftir Mozart og Oktett í Es-dúr eftir Beethoven yrðu leikin tvö falleg smáverk eftir Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur sem hún samdi fyrir Hnúkæpeyr 2017, þetta eru Kvöldstef og Chorale sem Sigrún samdi undir áhrifum frá brasilískri tónlist.</p> <p>Tónleikaferðin er fyrirhuguð annað hvort 12.-14. apríl eða 18.-20. maí, ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun enn um hvor helgin verður ofan á en ákvörðunin veitur líka hvernig til tekst með fjármögnun verkefnisins.</p> <p>Blásaraoktettinn Hnúkæpeyr var stofnaður árið 2003 og er samkvæmt hefðinni skipaður tveimur óbóum, tveimur klarinetum, tveimur hornum og tveimur fagottum. Fyrir utan að hafa sérstakt dálæti á klassískum oktettum frá 18. og 19. öld, hefur hópurinn flutt þau íslensku tónverk sem til eru fyrir þennan hljóðfærahóp og látið skrifa fyrir sig ný verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Elínu Gunnlaugsdóttur, Harald Vígni Sveinbjörnsson, Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur og Steingrím Þórhallsson. Íslenska orðið hnúkæpeyr stendur fyrir hlýja fjallagolu úr suðri.</p> <p>Blásaraoktettinn Hnúkæpeyr er skipaður Peter Tompkins og Eydísi Franzdóttur á óbó, Ármanni Helgasyni og Rúnari Óskarssyni á klarinett, Emil Friðfinnssyni og Önnu Sigurbjörnsdóttur á horn og Dagbjörtu Ingólfsdóttur og Kristínu Mjöll Jakobsdóttur á fagott sem einnig hefur verið verkefnastjóri frá upphafi.</p>
Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar *	<p>Það er sjaldgæfur viðburður að tónlistarhópur af þessari tegund heimsæki sunnanverða Vestfirði. Óvíst er að það hafi nokkurn tímann gerst. Verkefnastjóri og fagottleikari hópsins, Kristín Mjöll Jakobsdóttir, er nú búsett og starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum og langar til að kynna fyrir íbúum byggðarlagsins eitt af þeim verkefnum sem hún hefur unnið að undanfarið 20 ár.</p> <p>Tónlistarhópar af þessari gerð urðu mjög vinsælar í mið Evrópu á síðari hluta 18. aldar og var mikið samið af ýmiss konar tækifæristönlust fyrir þessa hljóðfærahópa. Mörg þessara tónverka eru af þeim gæðum að vera sígild og eru kvöldlokkur (serenöður) eftir Mozart þeirra þekktastar. Fyrir utan tveggja slíkra verka verða leikin tvö falleg og aðgengileg verk eftir</p>

Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur.

Efnisskráin á að geta höfðað til allra, barna sem fullorðinna, og verða tónleikarnir kynntir sérstaklega meðal nemenda Tónlistarskóla Vesturbyggðar og eldri borgara á svæðinu.

Það er ávallt ávinningur fyrir samfélag að geta státað af blómlegu menningarlífi og nú á Vesturbyggð hlutdeild í þessum tónlistarhópi sem tónlistarskólastjórnin veitir forstöðu.

Aðgangseyrir á tónleikana verður ókeypis.

Ferðakostnaður fyrir 7 manns 280.000 kr

Bílaligubíll 70.000 kr

Gisting 140.000 kr

Fæðiskostnaður 70.000 kr

Salarleiga 50.000 kr

Annað og ófyrirséð 40.000 kr

Samtals 600.000 kr

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Menningarsjóður FÍH hefur styrk verkefnið um 100.000 kr.

Sótt verður um styrki til fyrirtækja á svæðinu að upphæð 300.000 kr a.m.k.

Að auki hefur verið sótt um styrk úr Tónlistarsjóði að upphæð 800.000 vegna þóknunar til hljóðfærleikaranna en óvíst er um þá fjármögnun.

Aðalatriðið er að dekkja kostnað við ferðir og uppihald.

Styrkuppghæð *

200.000 kr

Reikningur *

0311-26-4721

Fylgigögn

Fylgigögn

[Fylgigögn v. umsóknar til Vesturbyggðar.pdf](#)

Fylgigögn

Undirskrift / Dags

Dagsetning og undirskrift
umsækjanda

Kristín Mjöll Jakobsdóttir, Tálknafirði 1. febrúar 2024